



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við afhendingu
umhverfisverðlauna Hveragerðisbæjar
21. apríl 2005**

Ein af megin ástæðum þess að þéttbýlismyndun hófst í Hveragerði undir miðbik síðustu aldar eru þeir möguleikar sem felast í nýtingu jarðvarðmans. Jarðvarminn bjó til sóknarfæri á ýmsum sviðum, ekki síst á sviði garðyrkju sem snemma varð einn aðal atvinnuvegur sveitarfélagsins. Ræktun garðplantna ýmiskonar, matjurta og ekki síst afskorinna blóma hefur búið til bæ með mikla sérstöðu á Íslandi, bæ sem í daglegu tali er nefndur blómabærinn.

Sú starfssemi sem að hér er lýst, ásamt nábylinu við Garðyrkjuskólann á Reykjum, hefur í gegnum tíðina laðað fólk með græna fingur til Hveragerðis og skartar bærinn mörgum fallegum einkagörðum því til staðfestingar. Og margt af því fólk hefur ekki eingöngu unnið að fegrun og ræktun eigin garða heldur gefið ötullega af sér til samfélagsins með framlagi til félaga eins og Skógræktarfélag Hveragerðis.

Skógræktarfélag Hveragerðis var stofnað 1950 og hefur starfað óslitið síðan. Þar hafa frá fyrstu tíð margir lagt hönd á plóginn, í orðsins fyllstu merkingu, í sjálfboðaliðastarfi og nú má víða glögglega sjá árangurinn af starfinu, einkum í suðurhlíðum Hamarsins hér í Hveragerði þar sem félagið hefur stundað ræktun frá fyrstu tíð. Félagið hefur notið þess hve mikið er af garðyrkjumönnum og garðyrkjustöðvum í bænum sem hafa stutt félagið með þekkingu sinni og oft fágætum plöntum sem setja svip sinn á skógræktarsvæðið undir Hamri. Undanfarin ár hefur félagið verið að opna svæðið með gerð göngustíga og er þetta svæði orðið eitt af vinsælustu gönguleiðum bæjarbúa.

Laufey Valdimarsdóttir hefur um langt skeið verið mikil driffjöður í starfi Skógræktarfélagins og sinnt af ábyrgð og festu þeim trúnaðarstörfum sem henni hafa verið falin. Hún hefur á sinn hógværa

hátt gengið á undan með góðu fordæmi í umhverfismálum um áratuga skeið. Kom það glögg í ljós þegar hún tók þátt í umhverfisverkefni á vegum bæjarfélagsins sem nefnt er Vistvernd í verki, því margt af því sem þar er verið að kynna fyrir fólki hafði Laufey stundað á eigin forsendum áður.

Laufey er því vel að því komin að hljóta umhverfisverðlaun Hveragerðisbæjar árið 2005.